

SEYÐISFJARÐARSKÓLI

# Skýrsla

---

## Samantekt og umræða um niðurstöður Skólapúlsins

Seyðisfjarðarskóli

2016-2017

## Innihald

Niðurstöður nemendahluta Skólapúlsins í grunnskóladeild .....	2
Jákvætt .....	2
Áhyggjuefni .....	2
Niðurstöður starfsmannahluta Skólapúlsins í grunnskóladeild .....	3
Allir starfsmenn grunnskóladeildar .....	3
Kennarhluti .....	3
Umræða .....	6
Niðurstöður starfsmannahluta Skólapúlsins í leikskóladeild .....	7
Niðurstöður / umræða .....	9
Foreldrakönnun Skólapúlsins leikskóladeild .....	11
Daglegt starf leikskóladeildar .....	11
Námsumhverfi .....	12
Samskipti við foreldra, upphaf og lok skólagöngu og sérfræðipjónusta .....	14
Samskipti .....	14
Sérkennsla og stuðningur .....	15
Umræða .....	15

## Niðurstöður nemendahluta Skólapúlsins í grunnskóladeild

Þátttaka var 93,5 %

Niðurstaða nemendakönnun Skólapúlsins í ár gefa til kynna hægar framfarir í flestum þáttum sem spurt er um.

Flest það sem við viljum sjá batna, batnar á milli ára þó að sumt mætti e.t.v. gerast hraðar. Miðað við könnunina í haust eru einnig framfarir.

### Jákvætt

Ánægja af lestri meiri í Seyðisfjarðarskóla en almennt gerist á landinu.

Á vorönn er umtalsverð aukning af ánægju af náttúrufræði og áhugi á stærðfræði eykst.

Trú á eigin vinnubrögðum hefur dalað örlítið frá hausti en til staðar er mikil trú á eigin námsgetu miðað við nemendur í samanburðarskólum.

Örlítill aukning mælist á sjálfsáliti og vellíðan nemenda frá því í haust, er þó það lítil að hún telst ekki markverð sem niðurstaða.

Tíðni eineltis minnkar, Nemendur upplifa minna einelti miðað við könnun haustsins sem er jákvæð þróun og tíðni þess virðist hafa minnkað að mati nemenda, mun minni en hjá jafnöldrum um landið.

Nemendur upplifa að þeim sé boðið upp á hollt mataræði.

Afar jákvætt er að upplifun nemenda er að agi í tímum hefur aukist marktækt á skólaárinu og mælist um 0,7 meiri nú en í haust er þá rétt yfir meðaltal samanburðarskólanna.

Samband við kennara mælist betra en í haust og er í meðaltali miðað við landið.

Virk þátttaka nemenda í tímum er enn á uppleið og hefur aukist mikið milli ára.

Viðhorf nemenda til mikilvægis heimanáms eykst mjög á milli ára.

### Áhyggjuefni

Mælingar á vellíðan nemenda er áhyggjuefni þar sem sá þáttur mælist lægri hér en að meðaltali yfir samanburðarskólana. Einnig virðast nemendur hér hafa meiri áhyggjur en jafnaldrar þeirra og tilfinning þeirra fyrir að hafa stjórn á eigin lífi er ekki mikil. Vinna þarf með viðhorf þeirra til þess hvort að þau samsami sig nemendahópnum eða ekki.

Niðurstöður úr nemendahluta verða teknar dýpra fyrir á starfsmannafundi sem og innra matsnefnd grunnskóladeildar.

## Niðurstöður starfsmannahluta Skólapúlsins í grunnskóladeild

### Allir starfsmenn grunnskóladeildar

Niðurstöður starfsmannahluta Skólapúlsins í grunnskóladeild gefa til kynna svipaðar niðurstöður og árið áður. Merkja má almenna ánægju meðal starfsmanna með starfsmannahópinn og starfsandann í heild sem mælist nokkuð yfir meðallagi samanburðarskóla. Starfsánægja eykst lítillega á milli ára þegar litið er til starfsmannahópsins í heild. Ríkjandi er jákvætt viðhorf í garð stjórnunar skólans. Allir starfsmenn fóru í starfsmannaviðtal og var það metið gagnlegt eða mjög gagnlegt.

Upplýsingastreymi innan skólans er þó metið minna nú en áður sem á sér mögulega skýringar í því breytingarferli sem skólinn er í. Óvissuþættir eru fleiri nú en á starfsári þegar skólalald er hefðbundið. Auk þess er nýliðun nokkur en þetta tvennt er ábending um nokkuð sem meðvitund þarf að ríkja um hjá stjórnendum sem og starfsmönnum. Starfsmenn meta starfsaðstöðu sína verri en árið þar á undan sem er athyglisvert í ljósi þess að litlar breytingar hafa átt sér stað á henni og ýmislegt gert sem átti að vera til bóta. M.a. hefur verið unnið að endurbótum á starfsaðstöðu í stoðdeild með vistvænum og vinnuvænum ræstigræjum.


Í opnu spurningunum kemur fram að mest ánægja ríkir með starfsmannahópinn.

### Kennarhluti

Það má með vissu halda því fram að niðurstöður úr kennarahluta Skólapúlsins séu ekki marktækar sem heildarniðurstaða vegna dræmrar svörunar kennara og því ber að túlka allar niðurstöður með varúð. Of lágt hlutfall kennara svara meginu af spurningunum en svörun er yfirleitt á bilinu 30-60% í kennarahópnum og því er kemur ekki fram greinagóð mynd af því sem kanna á. Niðurstöðurnar segja í raun einungis að mati skólastjórnenda að ræða þarf þáttökuna í kennarahópnum. Mjög tímafrek vinna fór fram af hálfu stjórnenda í eftirfylgni með þáttökunni og greinilegt var á viðbrögðum kennara við verkefninu að nokkur hópur kennaraliðsins var henni andsnúinn, mátti það merkja á umræðunni í hópnum, t.d. um rekjanleika.

Kennarar virðast af niðurstöðunum vera óánægðari með sjálft kennarastarfið í þessari könnun en í könnuninni árið áður og trú þeirra á eigin getu virðist minnka umtalsvert á milli ára. Þegar rýnt er í gögnin sést þó að mögulegt er að það hefur áhrif að svörun var ekki mikil. Sjá mynd hér:

## 3.2. Trú kennara skólans á eigin getu – Ársmeðaltöl



Á myndinni sést að kennarar virðast upplifa að minni á trú á eigin getu.


Mikilvægt er þó að ræða þessa niðurstöður í hópnum en getur verið að kvíði fyrir því sem ekki er orðið og breytingaferli kalli fram hugsanir í þessa átt?

Þegar spurningar sem snerta námsmat eru skoðaðar kemur í ljós að flestir kennarar sem svara leggja áherslu á nokkuð fjölbreytt námsmat.

Þá er eftirtektarvert samkvæmt niðurstöðum að kennarar meta það sem svo að þeir sendi minni upplýsingar til foreldra um námslega stöðu nemenda hér í Seyðisfjarðarskóla en í samanburðarskólum. Svörun hér er nokkur en það má einnig velta fyrir sér hvernig spurningin er túlkuð. Var þetta atriði rætt á kennarafundi og ljóst að upplýsingarnar byggja á mismunandi túlkun um það hvað “að senda upplýsingar um námsárangur” þýðir. Þessa mynd má samhæfa í hópnum.

Dæmi um spurningu í þessum lið.

## 3.3.2 Sendi upplýsingar um námsárangur nemandans til foreldra




Á myndinni sést að 6 kennarar svara spurningu og einn af þeim svaraði spurningunni með aldrei.

Kennarar meta það sem svo í könnuninni að þeir fái sjaldan stuðning frá öðrum kennurum eða starfsfólki vegna nemenda með hegðunarferfiðleika og námsörðugleika. Þeir meta það einnig sem svo að það sé frekar lítið samráð um kennsluna, sem er nokkuð sérkennileg niðurstaða þar sem stjórnendur upplifa einmitt að mikið **samtal** ríki á milli kennara og mikil nánd í hópnum. Þá má benda á það að kennarar hafa kvartað undan vinnuálagi. Þennan þátt má skoða betur næsta vetur, það er hví álag virðist mikið í umræðunni. Til stendur 2017-2018 að bregðast við ábendingum um álag og steitu með einföldun á mörgu því sem er streituvaldandi en þó er ljóst að flutningur milli húsa og


væntanlegur nýr veruleiki hvað húsnaði snertir er streituvaldandi í sjálfu sér. Því er beint til kennara að nýta tímann vel til umræðu um fagleg og námstengd málefni og skoðað verður hvort ástæða sé til að skipuleggja fundi með kennurum um málefni sem tengjast þessum málaflokki.

Eins mætti spyrja í ljósi niðurstaðnanna hvort að kennarar með erfiðustu einstaklingana telji sig ekki hafa fengið nægan stuðning í vetur, ræða þarf um hvernig bæta má þetta. Spyrja má hvort að kennarar sjá fyrir sér að geta varið meiri tíma í slíka ráðgjöf og hvernig þeir sjái fyrir sér úrbætur.

Sérstaka athygli vekur að mikil afturför virðist vera í vinnuáðstöðu kennara milli ára og vert er að ræða þessa niðurstöðu í hópnum (gert á kennarafundi í maí 2017).



Gagnsemi mats og endurgjafar hefði verið mjög gott fyrir stjórnendur að fá yfirlit yfir, en einungis 3 kennarar svara spurning 5.4.1. um mat og endurgjöf.



Áætlaður tími í heimavinnu nemenda hefur aukist um u.þ.b. 10 mínútur á viku milli ára samkvæmt niðurstöðum.

Valldreifing til ákvörðunartöku meta kennarar nokkuð mikla og marktækt meiri en hjá samanburðarskólum ef marka má svörum.

## Umræða

Í heildina kemur sá hluti sem er marktækur vel út að mati stjórnenda, aftur á móti er svörun með minna móti og því ber að túlka allar niðurstöður með varúð.


Við yfirferð á ferlinu og niðurstöðum er það mat stjórnenda að kennarahluti könnunarinnar í grunnskóladeild er að mestu leyti ómarktækur vegna dræmrar þátttöku kennara. Ef taka skal mark á könnunum á borð við þessa er forsenda að svörun sé góð. Það verður bæði tregða til umbóta ef upplýsingagjöf er röng eða villandi og þá verða umbættur heldur ekki markvissar. Það er eðlilega gagnrýnið viðhorf til skólastarfs hér við skólann sem og á Íslandi og gildir það almennt á störf kennara, störf stjórnenda, skipulag og annað í daglegu amstri. Kemur sú gagnrýni utanfrá og einnig innanfrá m.a. frá kennurum og öðrum starfsmönnum. Kröfurnar til stjórnunar skólans eru miklar og mikilvægt fyrir þá að geta rýnt til gagns. **Það er því afar mikilvægt að kennarar taki gagnasöfnun á borð við þessa könnun sem verkefni sem þeim ber að sinna af þeirri alúð sem siðareglur og starfsskyldur kennara kveða á um.**

## Niðurstöður starfsmannahluta Skólapúlsins í leikskóladeild


Leikskóladeild tekur þátt í Skólapúlsinum í fyrsta sinn á þessu skólaári. Ákveðið var af stjórnendum að leggja bæði foreldra- og starfsmannakönnun fyrir í leikskóladeild til að afla gagna um stöðuna í þessum hópum. Nokkur vinna var fyrir aðstoðarskólastjóra leikskóladeildar að hafa eftirfylgni með þátttöku starfsmanna sem og foreldra, en þátttaka þarf vera yfir 80% til að teljast marktæk sem samanburðarheimild. Svarhlutfall í starfsmannahlutanum var 61,5% og því ber að taka niðurstöðum með varúð sem almenn viðhorf starfsmanna leikskóladeildar.

Það fyrsta sem tekið er eftir er að lágur starfsaldur starfsfólks, en hann er hér mun lægri en almennt gerist á landinu. Óhætt er að fullyrða að starfsmannavelta síðustu ára og ungur starfsaldur stórs hluta starfsmanna setur mark sitt á upplifun starfsmannanna sjálfra af starfinu. Fjarvera starfsmanna frá vinnu er nokkuð meiri en almennt gerist og athygli vekur að tíðni áreitni og eineltis meðal starfsfólks telur starfsfólk vera hlutfallslega meira en gengur og gerist. Þá má minna á að sumir starfsmenn hafa starfað um nokkra hríð við stofnunina og spurt var um þetta atriði eitt ár aftur í tímann (frá febrúar). Þegar svörin er skoðuð koma spurningar um áreitni og einelti svona út;

1.6.1 Hefur þú orðið fyrir áreitni frá samstarfsfólki á síðustu 12 mánuðum?




1.6.2 Hefur þú orðið fyrir áreitni frá foreldrum leikskólabarna á síðustu 12 mánuðum?\*




Á starfsmannafundi og í viðtölum hefur verið farið nánar í þessa spurningar málin rædd á viðeigandi hátt.<sup>1</sup>

1.7.1 Hefur þú orðið fyrir einelti frá samstarfsfólki á síðustu 12 mánuðum? Hér er með orðinu einelti átt við baktal, útilokun, særandi athugasemdir og vanlíðan vegna framkomu annarra.



1.7.2 Hefur þú orðið fyrir einelti frá foreldrum leikskólabarna á síðustu 12 mánuðum? Hér er með orðinu einelti átt við baktal, útilokun, særandi athugasemdir og vanlíðan vegna framkomu annarra.\*




<sup>1</sup>Æskilegt er að ræða upplifun starfsfólks meðal foreldra og stefnt er að því á aðalfundi foreldrafélagsins í lok maí 2017.




Myndirnar sýna upplifun starfsfólks af áreitni og einelti annarsvegar meðal starfsmanna og hinsvegar frá foreldrum á síðustu 12 mánuðum.

Þrátt fyrir að starfsmenn svari spurningum um einelt og áreitni með því að telja sig hafa orðið fyrir slíku á sl. 12 mánuðum eru allir svarendur frekar samála um að á leikskóladeild Seyðisfjarðarskóla ríki góður starfsandi.



Athygli vekur að upplifun starfsfólks er að leikskóladeildin hafi ekki nægilega góða ímynd í samfélaginu. Mikilvægt er að unnið sé markvisst gegn þeirri tilfinningu starfsmanna og einnig má bera saman þá tilfinningu starfsmanna og niðurstöðum úr foreldrakönnun.




Niðurstöður foreldrakönnunarinnar leiða í ljós að foreldrar séu varkárir í að gefa mjög góða umsögn, eru þó frekar ánægðir með skólastarfið skv. könnuninni og vert er að taka fram að lítil bein óánægja mælist hjá foreldrum.

Stjórnunarpáttur könnunarinnar nær til skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og deildarstjóra á deildum og mælist heldur í lægri kanntinum miðað við samanburðarskóla, nokkuð sem skal skoða í framhaldinu.

Athygli vekur að trú á eigin getu og færni starfsmanna sem og sjálfsöryggi í starfi mælist nokkuð undir meðaltali og eins eru starfsmenn ekki ánægðir með þann tíma sem þeir fá til að kynnast starfinu í samanburði við þá fræðslu sem þeir telja sig þurfa að fá. Hér er að mati skólastjóra mjög skýrt dæmi um það hvernig mannekla og veikindi hafa sett svip sinn á starfið í vetur en það leiðir af sjálfu sér að lítil skipulögð fræðsla getur orðið þegar nánast dag hvern er unnið samkvæmt viðbragðsplani vegna manneklu. Það hefur nánast verið viðvarandi ástand á leikskóladeild í vetur að skipuleggja þarf hvern dag fyrir sig og afleiðingin er sú að undirbúningur á það til að falla niður og

lítið svigrúm verður til að sinna skipulagningu á faglegu starfi. Það er leikskólanum til happs að innanborðs eru meðal starfsmanna faglega sterkir kennarar.




Á myndinni sést að starfsmenn telja sig ekkifá nægilegan tíma til undirbúnings.

Þrátt fyrir þá staðreynd að mannekla og veikindi hafa sett svip sinn á starfið í vetur taka nokkuð margir foreldrar fram í þeirra könnun að þau upplifi að framför á skólastarfinu hafi orðið í vetur hvað innra starf snertir.

Athygli vekur að starfsfólk telur sig ekki fá nægan stuðning fyrir börn með sérþarfir og forvitnilegt er að bera þær niðurstöður saman við upplifun foreldra, sem eru nokkuð ánægður með þjónustuna og einnig sést að þörf fyrir þjónustu er hér bæði meiri en almennt gengur og gerist og betur sinnt en að í samanburðarskólum (upplifun foreldra).

Spurningu um aðgengi að ráðgjöf svarar starfsfólk með þeim hætti að það telur sig hafa lítið aðgengi og úrræði í sambandi við ráðgjöf og stuðning vegna nemenda með séræka örðugleika. Taka þarf upp umræðu um þetta og fræða starfsmenn um hlutverk Skólaskrifstofu Austurlands.



## Niðurstöður / umræða

Könnun Skólapúlsins leiðir mjög glögglega í ljós að starfsmenn leikskóladeilar hafa verið undir miklu álagi í vetur. Starfsmannavelta hefur verið mikil og veikindi hjá starfsmönnum tíð. Nokkuð skortir að mati stjórnenda upp á að upplýsingagjöf um störf til nýrra starfsmanna sé næg og vinnur nokkuð margt á móti okkur í þeim efnum. Meðal annars að ekki hefur gefist ráðrúm til að setjast yfir hvað ný skólastefna og sameining snertir skólastefnu leikskóladeildarinnar. Ef tekst að manna í aukin


stöðugildi frá og með hausti og starfslið verður stábílt hvað veikindi snertir á að gefast ráðrúm til að sinna betur innra skipulagsstarfi og stefnumótandi vinnu.

## Foreldrakönnun Skólapúlsins leikskóladeild


Í heildina kemur foreldrakönnun í leikskóla betur en við ímyndum okkur að hún hefði geta gert miðað við umræðu og ólgu í samskiptum og starfsmannahaldi á undanförunum árum. En niðurstöðurnar eru þó ekki ásættanlegar að mati stjórnenda. Við stefnum hærra.

### Daglegt starf leikskóladeildar

Ánægja foreldra með leikskólann í heild mælist 54,2% sem er umtalsvert undir meðaltali samanburðarstofnana (80,1%). Þegar rýnt er í gögnin sést að ánægja er meiri á Vinaminni og Álfhóli en á Dvergasteini.



Stærsti hluti foreldra eða 83,3% telja börnin sín þó vera ánægð í skólanum. Ekki er munur milli kynja en helst kemur fram óánægja á deild elstu barna. Sem era ð einhverju leyti þversögn við niðurstöður úr spurning 1.1. Þá má hafa í huga að elstu börnin eiga auðveldar með að tjá skoðun sína og afar algengt er að nemendur í elsta árgangi leikskóla upplifi skólaleiða síðasta árið sitt. Þá má einnig taka með í reikninginn að foreldrar systkyna svöruðu einungis fyrir elsta barnið og getur það haft áhrif á niðurstöður. Í heild er skólinn nokkuð undir meðaltali hvað mat foreldra á ánægju barnanna snertir.




Foreldrar telja almennt (84,6%) að hæfilegur fjöldi barna séu á hverri deild og að sýnileiki stjórnenda sé viðunandi. Mötuneytisþátturinn er mældur í þessum hluta og telja 68 % foreldra mataræðið vera


hollt. Óánægju gættir með að boðið sé upp á unnar kjötvörur og fjölbreytileika skortir í úrvali rétta hjá nemendum sem hafa fæðuóþol.

## Námsumhverfi

Námsumhverfi telja foreldrar almennt vera nokkuð gott þrátt fyrir að þessi þáttur komi ekki jafn vel út og í samanburðarskólum. Munar þá mestu um að foreldrar segjast vera almennt frekar sáttir en mjög sáttir við nám, hvatningu og styrkingu sem börn þeirra fá. 70% - 90% foreldra eru ánægðir með námsumhverfið sem nær til starfsfólks og aðstöðu.




Myndin sýnir hvort foreldrar telja að börnin fái þá umhyggju og líkamlegu umönnun sem þau þarfnast



Myndin sýnir mat foreldra á hæfni starfsfólks

Sérstaka athygli vekur að foreldrar eru almennt ekki mjög sammála því að matsaðferðir til að meta framvindu náms og þroska séu hvorki mjög sýnilegar né mjög fjölbreyttar.

### 2.1.4 Á deildinni eru notaðar fjölbreyttar og sýnilegar leiðir til að safna og skrá þroska- og námsferil barnanna\*




Myndin sýnir mat foreldra á fjölbreytileika námsmats og skráningu þroska- og námsferils barnsins.

Hér gætir sennilega misskilnings sem rétt er að leiðrétta eins fljótt og hægt er. Niðurstöðurnar segja starfsfólki skólans að mikilvægt er að veita foreldrum betri upplýsingar um það náms- og þroskamát sem í gangi er á leikskóladeild. Á skólaárinu hefur námsmát í leikskóladeild verið tekið til endurskoðunar af stjórnendum og deildarstjórum og úrbætur hafa verið gerðar á framkvæmd þess. Verið getur að þessi þáttur hefði komið öðruvísi út ef spurningakönnunin hefði verið lögð fyrir eftir foreldraviðtöl.

Hvað aðstöðu snertir gildir það sama og hér að ofan að foreldrar eru frekar sáttir almennt fremur en en mjög sáttir, fyrir utan að hljóðvist er ábótavant (kemur fram í opnum svörum). Við skorum því lægra en meðaltalið. 68,8% lýsa yfir ánægju með aðstöðuna í leikskólanum.

Á jákvæðu nótunum er vert að benda á að mjög stór hluti foreldra telur að barnið fá tækifæri til að njóta náttúrunnar og umhverfisins með margvíslegum hætti, eða 84% foreldra og er það betra viðhorf en ríkir almennt hjá samanburðarskólum.

### 2.2.7 Barnið mitt fær tækifæri til að njóta náttúrunnar með margvíslegum hætti (t gönguferðir, útivist ýmiss konar)\*




Myndin sýnir mat foreldra á því hvort að börnin fái tækifæri til útivistar.

Um mat foreldra á félagslegum samskiptum barnanna innbyrðis og með leiðbeiningar starfsfólks til barnanna mælumst við með 75% ánægju miðað við 90,3% yfir landið.

95,6% foreldra telja að börnin sín eigi vin á deildinni sem er jákvætt, en foreldrar eru frekar sammála í stað mjög sammála þegar kemur að spurningu um það hvort börnin læri markvisst um félagsleg samskipti, t.d. læri tillitssemi og virðingu fyrir öðrum.

Um þáttöku án aðgreiningar er greinilegt að fullyrða má að foreldrar séu frekar ánægðir eða mjög ánægðir, skólinn mælist þó undir meðaltali. Foreldrar telja, ef marka má myndina hér í framhaldinu, að nemendum leikskóladeildar sé ekki mismunað vegna kyns.

## 2.4.4 Réttindi beggja kynja eru virt á deildinni\*



Myndin sýnir mat foreldra á því hvort að réttindi kynja séu virt.

## Samskipti við foreldra, upphaf og lok skólagöngu og sérfræðiþjónusta


### Samskipti

Upplýsingamiðlun telja foreldrar, þrátt fyrir það sem á undan er fram komið, vera í samræmi við aðra skóla sem taka þátt í Skólupúlsinum eða um 64%. Foreldrar telja sig þó ekki almennt vera upplýstir um stefnu leikskólans og námskrá leikskóladeildar, enda er slík stefna ekki markvisst fram sett á heimasíðu eða í skólanámskrá.<sup>2</sup>

Tengsl foreldra við starfsfólk eru jákvæð að mati foreldra og fram kemur í opnum svörum að fólk er almennt helst ánægt með viðmót starfsfólks í sinn garð.

Sá þáttur sem kemur hvað slakast út í samskiptahluta könnunarinnar er tímasetning viðburða. Þá segja um 67% að atburðir í leikskóladeild séu tímasettir þannig að foreldrar geti mætt.

#### 3.5.1 Atburðir í leikskólanum, sem foreldrum er ætlað að taka þátt í, eru tímasettir þannig að ég geti sótt þá



Myndin sýnir mat foreldra á því hvort tímasetning viðburða hentar þeim eða ekki.

Ánægja ríkir með heimasíðu skólans og því ljóst að vanda verður til verka í sambandi við að kynna nýja heimasíðu, en vegna sameiningar mun heimasíðu verða breytt.


Í könnuninni kemur fram að 61,1% foreldra eru almennt ánægðir með flutning á milli deilda en á þeirri svörun endurspeglast að skólinn þyrfti að marka sér stefnu í þeim málum og upplýsa foreldra um hvernig þessu er háttað. Nokkuð almenn ánægja, eða 75,% er með hvernig staðið er að flutningi á milli skólastiga.

<sup>2</sup> Þess má þó geta að skólahandabók leikskóladeildar var gefin út í haust.

### Sérkennsla og stuðningur

Athygli vekur að miðað við samanburðarleikskóla á Íslandi hafa fleiri börn fengið sérkennslu eða sérstakan stuðning í leikskóladeild Seyðisfjarðarskóla á árinu og munar eflaust mest um að sérkennari starfar nú í hálfu starfi við skólann, fyrir utan að þörfin er umtalsverð.


#### 5.1.1 Hefur barnið fengið sérkennslu eða sérstakan stuðning á skólaárinu?\*



Myndin sýnir svar foreldra við spurningu sem snýr að sérkennslu.

Einnig sést á svörum á næstu mynd að áframhaldandi þörf er á stuðningi við nemendur. Á henni sést að margir hafa fengið umbeðna þjónustu en aðrir eru á biðlista. Minnt er á að Skólaskrifstofa Austurlands sér um greiningar og er hluti af stoðkerfi leikskóladeildar

#### 5.2.1 Hefur þú óskað eftir sérfræðiþjónustu (t.d. sálfræði, talmeinafræði eða iðjupjálfun) fyrir barnið á þessu skólaári?



Myndin sýnir svar foreldra við spurningu sem snýr að sérfræðiþjónustu.

### Umræða

Niðurstöður gefa til kynna að margt jákvætt er í gangi á leikskóladeild Seyðisfjarðarskóla en að efla þarf innra starf og faglegt. Greinilegt er að foreldrar eru varkárir að gefa leikskóladeild mjög góða einkunn hvað dagleg störf kennara, námsumhverfi og félagsleg samskipti barnanna snertir. Er það skiljanlegt að mati stjórnenda miðað við umræður vetrarins um manneklun og í ljósi sögu skólans. Agamál á deildum hafa verið í brennidepli í vetur og umræðan um agamál mikil vegna stöðunnar sem uppi var sl. haust. Mikilvægt er að starfsfólk vinni markvisst og umbótamiðað með þætti sem snerta innra starf, agamál og stefnumótun á næsta skólaári með umbótamiðuðum hætti líkt og



stefnt er að.<sup>3</sup> Einnig er líklegt að skortur sé á upplýsingagjöf um þær úrbætur sem farið hefur verið í til foreldra og einnig verið getur að traust til skólans hafi boðið hnekki á undanförunum árum. Tíma tekur að heila skólasamfélag þar sem deilur hafa verið áberandi, milli foreldra og starfsfólks og í starfsmannahópi. Vinna þarf á vanda í sambandi við manneklu á leikskóladeild til að undirbúningur og upplýsingagjöf til foreldra séu ekki þættir sem falla niður í starfi leikskólakennaranna.

Vinna skal sýnilega, markvisst og umbótamiðað með þáttinn, daglegt starf, á næsta skólaári m.a. með því að bæta innra starf, stefnumótun og upplýsingagjöf til foreldra. Þá er mjög brýnt að undirbúningur og upplýsingagjöf til foreldra séu ekki þættir sem falla niður í starfi leikskólakennaranna. Stjórnendur spá því að þegar mannekla og hljóðvist verður bætt munu foreldrar upplifa aukna ánægju með leikskólann í heild.

Til upplýsingar hér má nefna að á skólaárinu 2017-2018 verða unnar kjötvörur á borð við pylsur, bjúgu og aðkeypt kjötfars tekið út af matseðli. Einnig er stefnt að því að bæta við grænmetisrétti á matseðil.

Á svörum foreldra sést að nokkuð starf í átt að sátt og heilun er starfsfólki í leikskóladeild fyrir höndum. Samskipti við foreldra eru almennt ekki slæm og endurspeglast það einnig í opnu svörum, sem einnig gefa til kynna að verið sé að vinna í rétta átt.

Ljóst er einnig á svörum að mati stjórnenda að foreldrar eru ekki mjög vel upplýstir um þær úrbætur sem hefur verið ráðist í í vetur en þær eru töluverðar bæði í aðstöðu og mannahaldi en bæjarstjórn samþykkti t.a.m. aukningu á stöðuhlutföllum við mönnun á leikskóladeild. Stjórnendur og leikskólakennarar þurfa að taka til sín ábendingu þess efnis og koma betur til skila því sem vel er gert.

Niðurstöður þessarar könnunar verða kynntar foreldrum og ræddar meðal stjórnenda og starfsmanna í framhaldinu með umbótamiðaða nálgun á starf næsta árs að markmiði.

Til viðbótar

Í ár ákváðu stjórnendur í grunnskóladeild að sleppa foreldrakönnuninni í deildinni og framkvæma hana á næsta ári en sleppa þá starfsmannakönnuninni. Þannig að annað hvert ár er framkvæmd könnun í hópi starfsmanna en í hópi foreldra hitt árið. Þannig til skiptis í Seyðisfjarðarskóla. Stjórnendum í leikskóladeild þótti mikilvægt að fá viðmið úr báðum hópum í ár þar sem þetta var í fyrsta sinn sem Skólapúlsinn var lagður fyrir í leikskóladeild Seyðisfjarðarskóla. Úrbótaáætlun skólans fyrir næsta skólaár tekur mið af þessum ábendingum sem hér hafa komið fram.

Seyðisfjarðarskóli maí 2017

Svandís Egilsdóttir

Skólastjóri

---

<sup>3</sup> Í vetur hefur verið í skoðun að taka upp heildstætt agakerfi, Uppeldi til ábyrgðar, PMT, ART í Seyðisfjarðarskóla. Starfsfólk hefur fengið kynningu á þessum kerfum. Í vetur var ákveðið frá haustinu að nýta aðferð sem kennd er við 1-2-3 til að bregðast við agavandamálum á deildum og hefur það gefist vel að mati stjórnenda (skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og deildarstjóra).